

UMÍS ehf. Environice  
Ragnhildur Helga Jónsdóttir  
Bjarnarbraut 8  
310 Borgarnes

2008110029  
3511; 9310

Reykjavík, 28. janúar 2009

**Efni: Efnistaka í landi Stóru-Fellsaxlar í Hvalfjarðarsveit. Ákvörðun um tillögu að matsáætlun.**

Í samræmi við 8. gr. laga nr. 106/2000 m.s.b. um mat á umhverfisáhrifum er hér kynnt niðurstaða Skipulagsstofnunar um tillögu Environice f.h. Hvalfjarðarsveitar að matsáætlun um efnistöku í landi Stóru-Fellsaxlar í Hvalfjarðarsveit.

Skipulagsstofnun barst með bréfi Environice dags. 22. desember 2008 tillaga fyrirtækisins að matsáætlun:

**Hvalfjarðarsveit. Stóra-Fellsöxl - Efnistaka. Environice. Desember 2008.**

Skipulagsstofnun leitaði umsagnar um tillögu framkvæmdaraðila hjá eftirtöldum aðilum í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum: Hvalfjarðarsveit, Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Umhverfisstofnun. Skipulagsstofnun kynnti tillöguna einnig með fréttatilkynningu og á heimasíðu stofnunarinnar.

Skipulagsstofnun bárust umsagnir og athugasemdir frá eftirtöldum aðilum: Hvalfjarðarsveit með bréfi dags. 21. janúar 2009, Fornleifavernd ríkisins með bréfi dags. 14. janúar 2009, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands með bréfi dags. 13. janúar 2009 og Umhverfisstofnun með bréfi dags. 9. janúar 2009. Skipulagsstofnun bárust einnig frekari upplýsingar frá framkvæmdaraðila í kjölfar umsagna með bréfum dags. 26. janúar 2009.

**NIÐURSTAÐA SKIPULAGSSTOFNUNAR**

Í samræmi við 8. gr. laga um mat á umhverfisáhrifum hefur Skipulagsstofnun farið yfir framlagða tillögu Environice að matsáætlun ásamt þeim umsögnum og athugasemdum sem borist hafa stofnuninni. Skipulagsstofnun fellst á tillögu framkvæmdaraðila að matsáætlun með þeim viðbótum sem koma fram í bréfum Environice dags. 26. janúar 2009 og með eftirfarandi athugasemdum.

### **Framkvæmdasvæði og kostir**

Á bls. 3 í kafla 1.1 í tillögu að matsáætlun er fjallað um kosti og gerð grein fyrir mun á þeim með uppgefnu flatarmáli. Skipulagsstofnun telur, með hliðsjón af ábendingum Umhverfisstofnunar, nauðsynlegt að í frummatsskýrslu verði gerð grein fyrir mismunandi efnismagni eða vinnsludýpt framlagðra kosta fyrir það magn efnis sem áformað er að vinna.

### **Umfang og áherslur mats á umhverfisáhrifum**

Í töflu 1 á bls. 13 í kafla 4.2 í tillögu að matsáætlun er fjallað um vinsun áhrifaþátta. Fram kemur að í ljósi fyrirbyggjandi gagna verði ekki tekið tilliti til fornminja þar sem þær séu utan áætlaðs framkvæmdasvæðis. Fornleifavernd ríkisins benti í umsögn sinni á að líklegt væri að tvær fornleifar lentu innan framkvæmdarsvæðis efnistökkunnar.

Skipulagsstofnun tekur undir með Fornleifavernd ríkisins og telur að í frummatsskýrslu þurfi að sýna staðsetningu allra þessara minjastaða á loftmynd þar sem afmörkun fyrirhugaðs framkvæmdasvæðis er einnig dregin upp. Í frummatsskýrslu þarf að fjalla um menningarminjar á framkvæmdasvæðinu og í næsta nágrenni þess. Gera þarf grein fyrir niðurstöðum mats á áhrifum framkvæmdarinnar á fornleifar og hugsanlegum mótvægisáðgerðum.

Rut Kristinsdóttir

Sigurður Ásbjörnsson

Fylgiskjöl: Afrit umsagna

Afrit: Hvalfjarðarsveit Fornleifavernd ríkisins, Heilbrigðiseftirliti Vesturlands og Umhverfisstofnun.